



Velkomin á Skógarmela

Hagnýtar upplýsingar um húsið og nágrenni
og þjónustu á svæðinu.



BYGGIÐN
Félag byggingamanna



Heiti nets: xxxxxxxxxxxx
Lykilorð: xxxxxxxxxxxx

Umgengni




- Leigutaki skal ganga vel um húsið og þrifa það vel í lok dvalarinnar. Munið að húsið er sameign okkar allra.
- Ryksuga, sópar, moppur og annað til að þrifa með er í útigeymslu.
- Leigutaka verður sendur reikningur fyrir þrifum á húsinu ef illa er skilið við það eða ef skemmdir hafa verið unnar.
- Umsjónarmaður fer vikulega og yfir íbúðina og skiptir um tuskur.

- Gætið þess vel að potturinn sé hreinn og lokið fast á þegar þið yfirgefið húsið. Leiðbeiningar um notkun pottsins eru aftar í bókinni.



- Vinsamlega lokið öllum gluggum og gætið þess að skilja engar eigur ykkar eftir. Athugið sérstaklega að skilja ekki eftir matvæli í eldhúsi svo sem í ísskáp eða eldavél.
- Munið að þrifa grillið vandlega, breiða yfir það og ganga vel frá.

- Í húsinu er öryggiskerfi sem tengt er Securitas. Gestir þurfa hvorki að taka kerfið af né setja það á.
- Hiti er í gólfum. Hitastigi er stjórnað með hitastilli í hverju rými.
- Loftskiptikerfi blæs lofti inn um ristar í gólfi og út um aðrar. Kerfið er forstillt. Engum stillingum þarf að breyta.




- Athugið að stranglega bannað er að reykja/veipa í húsinu.
- Ekki er heimilt að vera með gæludýr í húsinu.

- Ef eitthvað í húsinu virkar ekki eða ef hluti vantar í það, sendið tölvupóst á heimir@byggidn.is.
- Ef vandræði koma upp með aðgengi á húsinu eða ástand þess, vinsamlega hafið samband við Byggiðn í síma 5 400 100. Í neyð er þjónustusími hjá Byggiðn 897 2290.




Sorplosun



Athygli er vakin á því að fara þarf með allt sorp sem til fellur á meðan dvöl stendur í sorpgáma sem staðsettir eru aðeins sunnar á Illugastaðavegi og á vinstri hönd þegar vegurinn er ekinn til suðurs. Lyklar af gámunum eru á lykklakippunni sem fylgir húsinu.

Potturinn

- Til að fylla eða tæma pottinn þarf aðeins að slá á rofa sem er á bakvið hurðina á litlu snyrtingunni, sem er við pottinn.
- Hitinn er forstilltur á 39 gráður.
- Það tekur um klukkustund að fylla pottinn.
- Hægt er að breyta hitastigi vatnsins á hitastilli sem er við lagnagrind í geymslunni.
- Að hámarki er hægt að hækka hitastigið um tvær gráður eða lækka um tvær gráður.
- Skilja þarf við stillinguna á 39 gráðum, áður en húsið er yfirgefið.





Bygging hússins

Júní
2019

Lóðin keypt

Byggiðn undirritar samning vegna kaupa á lóð undir orlofshús í Fnjóskadal.

Sept.
2019

Fyrsta skóflustungan

Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur og forseti ASÍ tekur fyrstu skóflustunguna að byggingu hússins í vinnuferð trúnaðarráðs norður í land.



Júní
2020

Grunnurinn lagður

Verktakinn SS byggir steypir upp grunninn að húsinu, ári eftir lóðakaupin. Heimir varaformaður tekur út verkið, sem komið er á mikinn skrið.



Júlí
2020

Húsið tekur á sig mynd

Samtals 400 fermetrar af krosslímum timbureiningum settar upp og verkið skotgengur.



Des.
2020

Húsið afhent

Heimir tekur við lyklunum úr höndum Sigurðar Sigurðssonar og Helga Arnar Eyþórssonar frá SS byggir rétt fyrir jól, einu og hálfu ári eftir að lóðin var keypt. Útleiga hefst í janúar 2021.



Ýmsir undirverktakar komu að byggingu hússins. Rafmenn ehf. sáu um raflagnir, Bútur ehf. um pípulagnir, Betri fagmenn ehf. um málningavinnu og Blikk og tækniþjónustan ehf. um loftræstingu. Raftákn ehf. annaðist hönnun raflagna en um lagnir og burðarþol sá fyrirtækið Verkhof ehf. Loks má geta að Kollgáta hannaði húsið. Verkstjóri á byggingastað var Njáll Harðarson, frá SS byggir.



Vissir þú þetta um Vaglaskóg?

Víðfemur skógur

Vaglaskógur er í raun hluti af einu mesta samfellda skóglendi á Íslandi sem nær frá Hálsi við vesturenda Ljósavatnsskarðs og langleiðina suður að Sörlastöðum. Þessi skógur ber hins vegar mismunandi nöfn eftir þeim jörðum sem hann vex á.

Hæsta tréð í skóginum

Vaglaskógur hefur um aldir gefið fyrsta flokks eldivið og gerir enn. Birkið á Vöglum hefur áberandi ljósan stofn, getur náð vel yfir 10 metra hæð og orðið um 150 ára gamalt. Gróðursettar hafa verið um 700.000 plöntur í Vaglaskóg og Hálsmela frá upphafi, alls af 26 ólíkum tegundum. Í skóginum er að finna hávaxnasta birkitré í náttúrulegum birkiskógi á Íslandi, um 15 metra hátt.

Sagan

Vaglaskógur er einn elsti nytjaskógur á Íslandi. Snemma á 20. öld keypti Landssjóður Íslands jörðina Vagli í Fnjóskadal sem skógurinn er nefndur eftir. Árið 1909 var skógurinn friðaður og sama ár hóf Skógræktin starfsemi sína á Vöglum.

Fnjósk og vagl

Nafnorðið fnjóskur (eða hnjóskur), sem Fnjóskadalur er kenndur við, þýðir þurr og feyskinn trjábólur. Þessi nafngift gefur til kynna hvernig umhorfs hefur verið í dalnum við landnám. Ekki er ólíklegt að mikið hafi verið af stórvöxnum birkiskógi í dalnum og ekki síst gömlum og feysknum birkitrjám. Vagl sem Vaglaskógur er kenndur við er oft notað sem staðarheiti, til dæmis um gnæfandi klett. Þessi útskýring passar vel við staðsetningu gamla bæjarins á Vöglum en þaðan er víðsýnt og Vaglabærinn sést víða að. Karlkynsorðið vagl var einnig notað um þvertré eða rafta í þökum húsa.

Brúnni sópað burt í flóði

Fyrsta brúin sinnar tegundar sem gerð varð úr járnbentri steinsteypu á Íslandi. Danska fyrirtækið Christiani & Nielsen sá um hönnun og smíði brúarinnar og var hún fullgerð árið 1908. Brúin var þá lengsta steinsteypa bogabrá á Norðurlöndum, tæplega 55 metrar. Smíði brúarinnar gekk þó ekki áfallalaust. Koma þurfti öllu byggingarefni með hjálp þarfasta þjónsins, yfir Vaðlaheiði frá Akureyri. Þegar steinboginn var nær fullsteypur kom stórflóð í Fnjóská sem sópaði öllum uppslættinum burt og ófullgerður boginn féll í ána. Brot úr honum sést enn greinilega á árbotninum. Safna þurfti saman timbri niður með allri Fnjóská áður en verkið gat hafist á ný. Brúin var notuð til ársins 1993.

Skógurinn friðaður 1909

Vaglaskógur er einn elsti nytjaskógur á Íslandi. Snemma á 20. öld keypti Landssjóður Íslands jörðina Vagli í Fnjóskadal sem skógurinn er nefndur eftir. Árið 1909 var skógurinn friðaður og sama ár hóf Skógræktin starfsemi sína á Vöglum.

Dvalarstaður í 100 ár

Í Vaglaskógi hafa lengi verið tjaldsvæði og vitað að hann hefur verið nýttur sem dvalarstaður gesta og til útivistar og skemmtunar í meira en öld.

Vagla skógur

· Gönguleiðakort ·



Fnjóská

Fnjóská telst vera lengsta dragá á Íslandi, um 117 km á lengd. Á hún upptók sín í Bleiksmýrardrögum á Sprengisandi inn af Bleiksmýrardal.

BOGABRÚIN

Fyrsta steinbrú sinnar tegundar hér á landi. Brúin var hönnuð og byggð árið 1908 og var þá lengsti steinbogi á Norðurlöndunum, teplega 55 metrar. Brúin var ferð í sítt upprunalega horf af Vegagerðinni árið 1993 vegna sérstöðu sinnar.

TRJÁSÁFN

Svæði ofan gróðrastöðvarinnar og hluti hennar þar sem er að finna elstu gróðursetningar í Vagla skógi. Stigur liggur um svæðið þar sem merktar eru allar helstu trjategundir með heiti og uppruna.

-  Starfstöð Skógræktarinnar
-  Útsýnisstaður áhugaverður staður
-  Trjásáfn
-  Tjaldstæði
-  Fastleigustæði
-  Upplýsingar
-  Bílastæði
-  Gönguleið
-  Vegur
-  Reiðleið

Gönguleiðir í skóginum

SKÓGARLEIÐ

Gul leið – 3,4 km
Gönguleiðin liggur frá tjaldstæði syðst í skógi og norður að gömlu bogabrúnni, samsíða aðalakvegi í gegnum skóginum. Leiðin liggur samsíða blárrí gönguleið á kafla fram hjá þjónustuhúsi, um birkiskóg og samsíða rauðrí gönguleið um tjaldsvæði í Stórarjóðri. Hún endar við gömlu bogabrúna frá árinu 1908. Leiðin er auðveld enda hæðarmunur óverulegur og gefur góða yfirsýn yfir gróðurfar í skóginum.

SJÓNARHÓLSLEIÐ

Bleik leið – 0,9 km
Gönguleiðin liggur upp frá stóra bilaplani og fylgir reiðleið ofan þess. Komid er aftur niður á bilaplanið. Gengið er um fjölbreyttan skóg. Hæðarmismunur er um 35 metrar.

BEITARHÚSAHRINGUR

Blá leið – 3,8 km
Gengið er frá stóra bilaplani til suðurs samsíða gulrí gönguleið, smáspöl eftir reiðleið og þá upp í skóg að sitkagrenilundi sem gróðursettur var 1947. Þaðan er gengið upp að Beitarhúsatóftum og síðan norður að Vöglum 1. Þaðan niður að gulrí gönguleið og samsíða henni að stóra bilaplani. Hæðarmunur á þessari gönguleið er um 110 m og er hún auðveldari uppgöngu að sunnanverðu.

TRJÁSÁFNSHRINGUR

Rauð leið – 2,4 km
Gönguleiðin liggur samsíða gulrí gönguleið frá tjaldsvæðinu í Stórarjóðri, upp í gegnum fjölbreytilegan skóg að starfstöðinni og trjásafni á Furuhól. Þar var byrjað að planta erlendum trjategundum upp úr aldamótum 1900. Síðan liggur leiðin um uppróna mela ofan við trjásafnið, þar sem er ágettur útsýnisstaður. Því næst norður og niður um birkiskóg og barrskóg. Farið er fram hjá fræktarhúsi og endað á tjaldsvæðinu í Stórarjóðri. Þessi leið er nokkuð brött á köflum. Hæðarmismunur er um 60 m.

HÁLSHNJÚKUR

Græn leið – 1,8 km
Gönguleið sem liggur frá bilaplani við Vagli 1 (Efri-Vagli) og að vörðu á Hálsnhjúki í um 627 metra hæð yfir sjávarmáli. Um 400 m hæðarmismunur er á þessari gönguleið og er hún víða nokkuð brött. Í björtu veðri er frábært útsýni af Hálsnhjúki yfir Fnjóskadal og nersveitir.

REIÐLEIÐ

Um skógin endilangan frá Hálsmelum í norðri og að Flatagerði í suðri liggur reiðleið á gömlum vegaslóðum, um 4,1 km á lengd.

1 cm á kortinu samsvarar um 130 m

Staðreyndir um Fnjóská



- Fnjóská er vatnsmikil dragá sem rennur norður endilangan Fnjóskadal og um Dalsmynni í Eyjafjörð, skammt frá Laufási.
- Umhverfi árinna þykir víða fallegt en hún rennur meðal annars um Vaglaskóg.
- Upptök árinna eru í Bleiksmýrardrögum á Sprengisandi, inn af Bleiksmýrardal, sem er vestastur og lengstur dalanna þriggja sem liggja til suðurs inn af Fnjóskadal.
- Í botni Fnjóskadals rennur Bakkaá í hana en hún verður til skömmu innar þegar Hjaltadalsá og Timburvalladalsá, sem koma úr hinum dölunum tveimur, falla saman.
- Áin er um 117 kílómetrar að lengd og telst vera níunda lengsta á landsins. Fyrir á tíð - á síðasta sumartímabili ísaldar - mun hún hafa fallið um Flateyjardalsheiði og til sjávar í Skjálfandaflóa. Þá hefur hún verið lengsta á Íslands. Enn má sjá gljúfur hennar á heiðinni.
- Fnjóská er einstaklega falleg á með mörgum veiðistöðum sem henta vel til fluguveiða og þá sérstaklega sá hluti árinna sem er ofan gljúfranna á neðsta svæðinu.a
- Fnjóská er þekkt fyrir stóra laxa en stærsti skráði laxinn 2013 var 97 cm sem kom á land í júní.
- Auk þess er töluverð silungsveiði í ánni, fyrst og fremst sjóbleikja og stöku sjóbirtingur, en einnig er þar staðbundinn silungur, bæði bleikja og urriði.
- Veiðisvæði Fnjóskár er um 50 km langt og nær það frá ósi árinna, sem er rétt innan við Grenivík, og upp að ármótum Bakkaár og Fnjóskár við bæinn Reyki sem er efsti bærinn í Fnjóskadal. Veiðileyfi má nálgast á vefnum svfr.is.

Nálægar sundlaugar

Fjölmargar sundlaugar eru í nágrenni Skógarmela. Hér eru nokkrar þeirra taldar upp. Upplýsingar um fleiri sundlaugar má finna á sundlaugar.is.

Sundlaugin Stóru-Tjörnum

Á Stóru-Tjörnum er lítil sundlaug ásamt heitum potti. Í sumar (2021) verður sundlaug Stórutjarnaskóla opin á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá kl 18:00 - kl 21:00.

Í vetur verður sundlaug Stórutjarnaskóla opin sem hér segir:

Mánudagskvöld kl 19:30 – 21:30

Fimmtudagskvöld kl 19:30 – 21:30.

Sundlaugin á Illugastöðum

Á Illugastöðum er lítil sundlaug ásamt tveimur heitum pottum.

Sundlaugin er staðsett við orlofsbyggðina á Illugastöðum og er opin yfir sumartímann. Þar er líka vísir að verslun, þegar laugin er opin.

Sundlaugin á Laugum

Á Laugum Reykjadal er glæsileg 25 metra laug með tveimur rúmgóðum heitum pottum og vaðlaug. Yfir sumartímann er laugin opin frá klukkan 10 til 21.

Sundlaug Húsavíkur

Á Húsavík er gömul 16,7 metra laug. Um aldamótin voru nýir búningsklefar byggðir og gamla byggingin endurbætt í kjölfarið. Þrír heitir pottar eru við laugina og tvær rennibrautir yfir sumartímann. Á sumrin er laugin opin til 17:45 um helgar en 20:45 virka daga.

Sundlaug Akureyrar

Vatnaparadís fyrir alla fjölskylduna. Á svæðinu er að finna tvær 25 metra laugar, þrjár nýjar rennibrautir og m.a. lengstu rennibrautina á Íslandi, fjóra heita potta, vaðlaug, innilaug og eimbað. Þar er einnig boðið uppá kaldan pott.



Stóru-Tjarnir



Illugastaðir



Laugar



Sundlaug Akureyrar



Baðstaðir á heimsmælikvarða

Sjóböðin-Geosea

- Í GeoSea sjóböðunum á Húsavík nýtur þú náttúrunnar á einstakan hátt. Hitinn í iðrum jarðar sér um að sjórinn í böðunum sé hlýr og góður og steinefnaríkt vatnið gælir við hörundið. Á meðan hlýr sjórinn vinnur sín kraftaverk nýtur þú útsýnis yfir fjallgarðinn í vestri, Skjálfandaflóann fyrir neðan klettana og sjálfan Norðurheimskautsbauginn við sjóndeildarhring.
- Vatnið í GeoSea sjóböðunum kemur úr tveimur borholum sem þegar eru til staðar, önnur er í notkun við ostakarið og hin er við Húsavíkurhöfn. Ekki er þörf á hreinsiefnum eða búnaði í sjóböðunum því stöðugt gegnumstreymi vatns frá borholum.
- Sjóböðin voru opnuð haustið 2018 en böðin komust árið 2019 á lista yfir 100 bestu áfangastaði heims að mati Time. Hvorki meira né minna.
- Böðin eru opin frá 12:00 til 22:00 alla daga.



Upplýsingar og myndefni af northiceland.is

Jarðböðin við Mývatn

- Jarðböðin eru staðsett í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð. Hér hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld en snemma á þrettánda öld vígð Guðmundur góði, biskup, gufuholu í Jarðbaðshólum sem notuð var til gufubaða (þurrabaða).
- Jarðböðin eru fyrir alla sem vilja njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Boðið er upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Öll aðstaða fyrir gesti er góð, búningsklefar með læstum skápum, útiklefar og góðar sturtur. Hægt er að leigja sundfatnað og handklæði.
- Með Jarðböðunum við Mývatn er ætlunin að viðhalda aldagamalli hefð fyrir böðum í Mývatnssveit, auka fjölbreytni í afþreyingu fyrir ferðamenn, styrkja atvinnulíf á svæðinu og opna nýja möguleika í heilsutengdri ferðaþjónustu.
- Veitingasala er í Kaffi Kvikku með stórkostlegu útsýni yfir baðlónið og Mývatn.



Veiði í nágrenni Fnjóskadals

Tvö veiðivötn sem eru hluti af Veiðikortinu eru í nágrenni Fnjóskadals; Vestmannsvatn og Ljósavatn. Um er að ræða gjöful silungsvötn sem henta vel fyrir alla fjölskylduna að sumarlagi. Í báðum vötnum er bleikja og urriði. Byggið selur Veiðikortið til félagsmanna á 5.000 krónur en það veitir leyfi í 36 vötn og vatnasvæði um landið allt. Nánari upplýsingar um svæðin má nálgast á www.veidikortid.is.



Fjölmörg vatnsföll er auk þess að finna í nágrenni Fnjóskadals. Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl og Fnjóská eru þekktar laxveiðiár en í um hálf tíma akstursfjarlægð við Skógarmela eru að auki margar ár sem bjóða upp á skemmtilega silungsveiði. Þar má nefna Eyjarfjarðará, Reykjadalásá, Geitafellsá, silungasvæðin Hraun, Presthvamm (sjá mynd), Staðartorfu og Múlatorfu í Laxá í Aðaldal og Svartá í Bárðardal. Dagsleyfi í sumar þessara áa kostar ekki nema örfá þúsund en í flestum þeirra er einungis leyft að veiða á flugu. Nánari upplýsingar um árnar og margar fleiri á Norðausturlandi má finna á vefnum fluguveidi.is.

Níu holu golfvöllur í dalnum

Lundsvöllur í Fnjóskadal er staðsettur í landi Lunds sem er gömul landnámsjörð sem Þórir Snepill nam, og er völlurinn staðsettur mitt á milli Vaglakógar og Lunsskógar. Fjarlægðin frá Þjóvegi 1. að vellinum eru 8 km og 1. km frá Þjónustumiðstöðinni í Vaglakógi. Lundsvöllur var formlega opnaður 22. ágúst 2009 að viðstöddum 200 manns. Lundsvöllur er níu holu golfvöllur, þar 34, með gula og rauða teiga. Heildarlengd af gulum teigum er 2.264 metrar. Á vellinum eru þrjár þar 3 holur, ein þar 5 hola og fimm þar 4 holur. Völlurinn er á flata fyrir neðan bæinn Lund skammt frá bökkum Fnjóskár. Einkenni vallarins er mikið berjalyng sem umlykur hann, einnig er lækur sem rennur í gegnum hann miðjan og hefur áhrif á leik á 5 holum.

Gjöld	Upphæð í kr.	Leiga á búnaði	Upphæð í kr.
Vallargjald	3.000	Leiga á golfsetti	3.500
Hjón vallargjald	5.000	Golfkerrur	1.200
Vallargjald 15 ára og yngri	1.000	Æfingakúllur 30 stk.	300
Vikugjald fullorðnir	10.000		
Vikugjald hjón	15.000		
Vikugjald 8-15 ára	3.000		
3 daga fullorðnir	7.000		
3 daga hjón	10.000	(Uppfærð gjaldskrá í jan.2021)	

Lundsvöllur er með staðfest vallarmat frá GSÍ síðan 23. mars 2010. Veðursæld á staðnum er margrómuð, hitastig oft 3-4° hærra en á Akureyri, engin hafgola eða þoka nær þarna í dalinn.

Upplýsingar fengnar af lundsvollur.is.



Demantshringurinn



Þeir sem dvelja á Skógarmelum eru í dauðafæri að fara Demantshringinn. Demantshringurinn er stórkostlegur hringvegur á Norðausturlandi, þar sem finna má magnaðar náttúruperlur og landslag sem virðist oft ekki vera af þessum heimi. Hringurinn er malbikaður alla leið, eftir að Dettifossvegur var opnaður haustið 2020. Hugið þó vel að færð áður en haldið er af stað yfir vetrartímann.

- Á Demantshringnum eru 5 lykiláfangastaðir, en þeir eru hinn sögufrægi og myndræni Goðafoss, náttúruperlan Mývatn þar sem grænu og bláu litirnir ljá staðnum yfirbragð annars heims, hin ógurlega hvíta orka Dettifoss sem er vatnsmesti foss í Evrópu, náttúruundrið Ásbyrgi sem er í laginu eins og hófapar og Húsavík, sem er hvalaskoðunarhöfuðborg landsins hvaðan stutt er út á blátt og opið hafið.
- Þeir sem leggja leið sína þennan hring ættu líka að koma við í Hólmatungum skammt frá Dettifossi, Hljóðaklettum í Vesturdal; heimsækja hraunbreiðurnar í kring um Kröflu, líta á vatnshitasvæðið Hveri og þræða Dimmuborgir.
- Demantshringurinn er sannarlega ekki bara 250 kílómetra langur hringvegur. Hann er tækifæri til þess að upplifa stórkostlegt og ógleymanlegt ævintýri.
- Nánar má lesa um áfangastaði innan Demantshringins á northiceland.is.



Dagsferð um Eyjafjarðarsveit

- Hægt er að gera góða dagsferð frá Skógarmelum inn í Eyjafjarðarsveit. Þar er mikil náttúrufegurð og margt spennandi að sjá. Í útjaðri Akureyrar, skammt frá flugvellingum, er Iðnaðarsafnið sem Bygging hefur styrkt til margra ára. Safnið geymir muni sem tengjast iðnaði og iðnframleiðslu liðinna tíma. Þar er að finna fjölda véla og tækja sem notuð voru til framleiðslu á allskyns nytjahlutum og iðnvarningi.



- Rétt hjá Jólagarðinum er Sundlaugin Hrafnagili sem er mjög skemmtileg og barnvæn laug. Á staðnum er góð útilaug, stór vatnsrennibraut, vaðlaug og heitir pottar. Góð leikaðastaða er fyrir börnin.
- Í Hrafnagili er Jólagarðurinn, vinsæll áningarstaður þar sem jólaandinn ríkir árið um kring. Garðurinn, turninn og litla húsið skapa skemmtilega umgjörð um verslun með vörur sem tengjast jölunum. Jólagarðurinn selur bæði innfluttar vörur og einnig vörur frá íslensku handverksfólki.
- Á bænum Holtseli er rekinn ísbar, kaffihús og beint-frá-býli-verslun. Þarna er framleiddur gómsætur ís undir vörumerkinu Holtsels-Hnoss. Hægt er að velja um margar bragðtegundir, bæði mjólkur-rjóma- og jógúrtís.
- Kaffi Kú er kaffi- og veitingahús fyrir ofan fjósið á bænum Garði. Þar er um að ræða frábæran stað til að heimsækja með börn. Hægt er að fara inn í fjósið og fylgjast með kúnum úr glerskála þegar þær eru mjólkaðar.
- Smámunasafn húsasmíðameistarans Sverris Hermannssonar Sólgarði er við Saurbæ í Eyjafirði. Sverrir safnaði yfir þúsund hlutum á ári í heil 50 ár. Safnið hans er skemmtilegur viðkomustaður fyrir alla fjölskylduna.



Kýrnar vinsælu á Kaffi Kú.

- Hér eru aðeins nefndir nokkrir af vinsælum viðkomustöðum sem finna má í Eyjafjarðarsveit. Hægt er að komast í golf við Þverá, á hestbak í Kaupvangsbökkum og finna fallegar gönguleiðir, meðal annars á Kerlingu, sem er hæsta fjallið á Tröllaskaga, svo nokkur dæmi séu tekin.



Iðnaðarsafnið

Iðnaðarsafnið á Akureyri geymir muni sem tengjast iðnaði og iðnframleiðslu liðinna tíma allt frá smjörlíkisgerðarvélum, prentvélum og rennibekkjum til saumavéla og áhalda til úrsmíða. Í því er að finna fjölda tækja og véla úr gömlu verksmiðjunum sem notuð voru til framleiðslu á vörum eins og Saxbauta, Santos kaffi og Flóru smjörlíki, auk allskyns nytjahluta og iðnvarnings. Á efri hæð safnsins er sýning á hinni víðtæku fata- og skóframleiðslu sem fram fór á Akureyri á liðinni öld. Hver man ekki eftir náttkjólunum frá Fatagerðinni Írasi, Duffys gallabuxum, Skinnu mokkajökkum og Iðunnar skóm? Byggið hefur um árabíl verið einn af bakhjörllum Iðnaðarsafnsins. Hér er hlaupið yfir sögu þess.

Iðnaðarsafnið á uppruna sinn að rekja til frumkvöðulsins Jóns Arnþórssonar sem hóf markvissa söfnun iðnminja árið 1993. Þann 17. júní 1998 var Iðnaðarsafnið formlega stofnað og sýningar opnaðar í húsnæði fyrrum fataverksmiðjunnar Heklu á Gleráreyrum. Þar var safnið til húsa til ársins 2000, þegar safnið flutti í Sjafnarhúsið við Austursíðu. Allan þennan tíma báru Jón Arnþórsson og eiginkona hans Gisela Rabe-Stephan hitann og þungann af rekstri safnsins og ráku það á eigin vegum með styrkjum víða að.



Upplýsingar og þessi mynd er af vef safnsins, idnadarsafnid.is.

Árið 2001 gerðu Minjasafnið og Jón Arnþórsson með sér verksamning sem kvað á um að Jón tæki að sér skráningu á öllum þeim munum sem þá voru í Iðnaðarsafninu undir leiðsögn Minjasafnsins á Akureyri. Að þeirri skráningu lokinni voru um 400 safnmunir númeraðir og skráðir í safnskrá Iðnaðarsafnsins.



Byggið hefur verið bakhjarl safnsins um árabíl. Hér er Heimir Kristinsson varaformaður ásamt Jónu Sigurlaugu Friðriksdóttur.

Árið 2002 var ákveðið að gera heildarúttekt á minjasöfnum og sýningum í Eyjafirði og var Sögusmiðjan fengin til verksins. Í niðurstöðuskýrslu Sögusmiðjunnar sem kom út í nóvember 2002 var m.a. fjallað um málefni Iðnaðarsafnsins og þær hugmyndir sem áður höfðu komið fram um stofnun atvinnusögusafns Akureyrar. Höfundar skýrslunnar mæltu með því að Iðnaðarsafnið yrði áfram sjálfstætt safn og rekstur þess yrði tryggður til frambúðar m.a. með samþykki safnaráðs og aðkomu Akureyrarbæjar. Árið 2002 var tekin sú ákvörðun að Iðnaðarsafnið fengi fyrrverandi áhaldahús Umhverfisdeildar á Krókeyri til umráða að loknum endurbótum á því sem skyldu miðast við starfsemi safnsins.

Þann 1. maí 2004 var safnið opnað í núverandi húsakynnum á Krókeyri. Björn G. Björnsson hannaði útlit grunnsýningar safnsins en Elínbjörg Ingólfssdóttir og Hugrún Ívarsdóttir sáu um uppsetningu.

Þann 20. febrúar 2005 var Hollvinafélag Iðnaðarsafnsins stofnað og árið 2006 var stofnað Hollvinafélag Húna II um leið og eikarskipið Húni II var keypt og fært safninu til umráða.